



## Leiðbeiningar og tilmæli sóttvarnalæknis um bólusetningar og forvarnir gegn sýkingum hjá lögreglumönnum, tollvörðum og starfsmönnum Isavia á Keflavíkurflugvelli

Eftirfarandi leiðbeiningar og tilmæli um öryggi starfsmanna eru mikilvægur liður í innleiðingu alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Lögregla, tollverðir og starfsmenn Isavia á Keflavíkurflugvelli umgangast vaxandi fjölda ferðamanna á hverju ári og eru því útsettir fyrir ýmsum smitsjúkdómum í vaxandi mæli. Með sömu rökum má segja að þessar leiðbeiningar eigi einnig við lögreglu og tollverði annars staðar á landinu.

Leiðbeiningar og tilmæli sóttvarnalæknis eiga við starfsmenn sem eru í beinni snertingu við ferðamenn og lúta einkum að:

1. Sértekum sýkingavörnum, einkum bólusetningum.
2. Almennum sýkingavörnum, einkum notkun hlífðarbúnaðar.
3. Skipulagi sýkingavarna hvað varðar vinnuaðstöðu og eftirlit með heilsufari.

### 1. Heilsufarseftirlit

Við nýráðningu starfsmanna skal tryggja að þeir séu fullbólusettir gegn eftirtöldum sjúkdómum: Barnaveiki (*diphtheria*), stífkrampa (*tetanus*), kikhósta (*pertussis*), mænusótt (*polio*), mislingum (*morbilli*), hettusótt (*parotitis epidemica*), rauðum hundum (*rubella*), lifrabólgu B (*hepatitis B*) og lifrabólgu A (*hepatitis A*). Ef viðkomandi er ekki fullbólusettur skal honum boðin bólusetning. Hjá eldri starfsmönnum skal einnig tryggja að þeir séu fullbólusettir gegn ofangreindum sjúkdómum.

Gera skal berklapróf hjá nýráðnum starfsmönnum og einnig hjá eldri starfsmönnum hafi það ekki verið gert áður. Gerð skal læknisskoðun á tveggja ára fresti hið minnsta með endurteknu berklaprófi.

### 2. Almennar sýkingavarnir

Starfsmenn skulu alltaf beita grundvallarsmitgát sem miðar að því að rjúfa almennar smitleiðir milli manna og er handhreinsun mikilvægust.

- Aðstaða til handhreinsunar skal ávallt vera aðgengileg þ.e. handþvottaaðstaða og handspritt og starfsmenn þjálfaðir í notkun þess. Starfsmenn sem ekki eru með fasta starfsstöð skulu bera á sér handspritt til nota í sínum störfum.

Leiðbeiningar sóttvarnalæknis um forvarnir gegn sýkingum hjá lögreglumönnum, tollvörðum og starfsfólki ISAVIA, júní 2014

- Mælt er með að einnota hanskar séu notaðir við eftirtaldar aðstæður:
  1. Við snertingu á hvers kyns líkamsvessum (blóði, þvagi, hægðum, uppköstum, hráka eða öðrum líkamsvessum).
  2. Við skoðun á farþegum og farangri.
  3. Við snertingu á dýrum.
  4. Við eiturefnaslys.
- Annar hlífðarbúnaður:
  1. Mælt er með notkun hlífðargríma ef farþegi er með mikinn hósta, uppköst eða víðtækar blæðingar og einnig skulu hóstandi farþegar bera hlífðargrímu. Ef um mikinn hósta, uppköst, áberandi blæðingu eða niðurgang er að ræða hjá farþega skulu starfsmenn bera andlitsgrímu og hugsanlega einnig hlífðarslopp og hanska eftir aðstæðum. Sama á við ef farþegi tilkynnir um sértæka sjúkdóma s.s. berkla.
  2. Mælt er með notkun hlífðarsloppa eða svunta ef farþegar eru með mikinn uppgang, uppköst eða miklar blæðingar svo og við eiturefnaslys.
- Mikilvægt er að starfsmenn geti leitað ráða hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi ef álitamál eru til staðar s.s. nálarstungu- eða skurðóhöpp, eða eiturefnaslys. Við eiturefnaslys ber að gæta þess að dreifa ekki menguninni.

### 3. Skipulag sýkingavarna

- Mælt er með gerð viðbragðsáætlana við stórum atburðum er varða víðtækar aðgerðir gegn sýkingum.
- Mikilvægt er að til staðar sé aðstaða fyrir veika einstaklinga þar sem hægt er að beita einangrun eða sóttkví.
- Mælt er með reglulegri þjálfun í notkun hlífðarbúnaðar og meðferð sóttthreinsunarefna.
- Mælt er til að starfstéttir á Keflavíkurflugvelli ráði sér trúnaðarlækni eða geri samning við heilbrigðisstofnanir um framkvæmd leiðbeininga sóttvarnalæknis. Allur kostnaður af framkvæmd þessara leiðbeininga og tilmæla greiðist af vinnuveitanda.